

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. apríl 1978.

Matthías Bjarnason.

Pórrður Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík
nr. 166/1972.**

1. gr.

1. málsgr. 4. gr reglugerðarinnar orðist svo:

Taka skal sérstakt afgreiðslugjald kr. 250, söluskattur innifalinn, fyrir að afgreiða hvern einstakling á næturvörslu (þ. e. á tímabilinu kl. 22—9 eða 10 eftir því sem við á).

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 15. apríl 1978.

Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 28. mars 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 377 28. október 1977
með síðari breytingum.**

Í kafla I Smásala í gjaldskránni breytast eftirfarandi gjaldskrárliðir:

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl. hljóði þannig:

2.1. Fast gjald	kr. F1+F3
Orkugjald	— 23.50 á kWst.
Markmæling:	
2.3. Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	— 123 635. á ári
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafllstillingu 20 kW	— 16 740.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	— 3.77 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	— 23.50 á kWst.

4. Húshitun verður „Húshitun, íbúðarhúsnæði“ og hljóði þannig:

4.1. Fast gjald	kr. F1+F4
Orkugjald	— 13.55 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.	
4.2. Fast gjald, lágmark 2 kW	— F1+F4
Orkugjald	— 5.78 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.	
Markmæling:	
4.3. Fast gjald	— F1
Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	— 39 535.00 á ári.
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksafsstillingu 20 kW	— 7 907 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	— 3.72 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	— 23.50 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.	
4.4. Fast gjald, lágmark 2 kW	— F1+F4
Orkugjald	— 3.03 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. að degi til.	

Á eftir lið 5 kemur nýr liður „6. Húshitun fyrir annað en íbúðarhúsnæði“ er hljóði þannig:

6.1. Fast gjald	kr. F1+F4
Orkugjald	— 15.17 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.	
6.2. Fast gjald, lágmark 2 kW	— F1+F4
Orkugjald	— 6.50 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.	
Markmæling:	
6.3. Fast gjald	— F1
Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW.	— 44 125.00 á ári
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksafsstillingu 20 kW	— 8 825 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	— 4.15 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	— 23.50 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.	
6.4. Fast gjald, lágmark 2 kW	— F1+F4
Orkugjald	— 3.45 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. að degi til.	

Liður 6 verður liður 7.

Í lið B. Skilgreiningar og ýmis ákvæði 1. Föst gjöld, breytist F4:

F4 Hvert uppsett kW kr. 1 450.00 á ári.

Í lið B. 4. Verð til hitunar hljóði þannig:

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dieselolíu í Reykjavík til oliukyndingar kr. 39.20 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 4.1., 1.7 aura á lið 4.2., 1.5 aura á lið 4.3 og 0.9 aura á lið 4.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 2.3. lækka eða hækka um 1.0 eyri hver kWst. við sömu verðbreytingu á olíu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 27. apríl 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 100/1973, sbr. reglugerð nr. 73/1974, um eyðingu svartbaks og hrafns með tríbrómetanóli og reglugerð um breyting á þeim reglugerðum nr. 199/1976.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, sem verður 9. gr., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafríðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækji um leyfisskríteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1980. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 199/1976.

Menntamálaráðuneytið, 30. mars 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálp á Húsavík.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkv. reglugerð um heimilishjónustu, skal sá er þjónustu nýtur greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og laun starfsfólks heimilishjónustunnar: